



Velferðar- og mannréttindaráð

Kópavogi, 30. nóvember 2025
2204193

Efni: Gjaldskrá og tekjutenging vegna umsókna um stuðning við heimilishald

Samkvæmt samþykktum reglum bæjarstjórnar frá 13. febrúar 2024, **V. kafla, 10. gr.**, segir:

„Umsókn um heimilisþrif skal hafnað sé einstaklingur eða hjón yfir tekjumörkum skv. gildandi gjaldskrá og njóta ekki annars stuðnings á grundvelli reglna þessara.“

Hingað til hefur gjaldskráin ekki innihaldið efri tekjumörk, sem hefur gert það óframkvæmanlegt að beita þessu ákvæði í reynd. Nú hefur verið unnið að útreikningum á tekjumörkum og gert ráð fyrir að þau verði hluti af uppfærðri gjaldskrá. Með því verður hægt að fylgja samþykktum reglum og tryggja samræmi í framkvæmd.

Ástæður fyrir innleiðingu ákvæðisins

- Með því að virkja synjunarákvæðið og setja tekjumörk er hægt að beina þjónustu og fjármunum til þeirra sem hafa meiri og fjölbættari þarfir og þurfa umfangsmeiri stuðning til að geta búið heima.
- Þessi hópur fer sístækkandi; öldruðum fjölgar, þeir lifa lengur og þjónustubarfir heima breytast og aukast.
- Til þess að geta mætt þessum auknu og flóknari þörfum þarf að gera breytingar á gjaldskrá og framkvæmd þjónustunnar.
- Ákvæðið tryggir jafnræði og skilvirka nýtingu fjármuna, þar sem stuðningur við heimilishald verður fyrst og fremst veittur þeim sem eru í raunverulegri þörf.

Áhrif á umsóknarferli

Umsóknir sem eingöngu varða aðstoð við heimilishald og berast frá einstaklingum eða hjónum sem eru yfir tekjumörkum og njóta ekki annars stuðnings samkvæmt reglum, verður synjað í samræmi við 10. gr.“

Sérstakt ferli fyrir umsækjendur 70 ára og eldri:

- Ef umsóknin miðar eingöngu að aðstoð við heimilishald og umsækjandi er yfir tekjumörkum, fær viðkomandi símtal frá ráðgjafa.
- Markmið símtalsins er að ganga úr skugga um hvort umsækjandi sé í þörf fyrir meiri þjónustu.



- Ef símtalið leiðir í ljós að viðkomandi er með aðra þjónustu, skorar það hærra en tekjur og hefst almenn vinnsla umsóknar.
- Ef viðkomandi er ekki í þörf fyrir aðra þjónustu en aðstoð við heimilishald og er yfir tekjumörkum, býðst honum ráðgjöf m.a. um velferðartækni og önnur úrræði sem geta stutt við sjálfstæða búsetu, ef áhugi er fyrir hendi.
- Svo er viðkomandi hvattur til að sækja um aftur ef aðstæður breytast.

Undirrituð vísar í kynningu á gildandi gjaldskrá skv. meðfylgjandi fylgiskjali.

Virðingarfyllst,

Hlín Sigurþórsdóttir
Verkefnastjóri